



Borgarráð

***Rammasamkomulag vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðstöðu eldsneytisstöðva Atlantsolíu***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að rammasamkomulagi Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og hins vegar Atlantsolíu ehf. vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Atlantsolíu.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Rammasamkomulag vegna fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Atlantsolíu, drög.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Atlantsólía ehf., kt. 590602-3610, Lónsbraut 2, 220 Hafnarfjörður, hér eftir nefndur lóðarhafi, gera með sér eftirfarandi

## **rammasamkomulag vegna fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Atlantsolíu.**

### ***1. gr.***

#### ***Inngangur***

Á síðustu árum hefur Reykjavíkurborg sett fram ákveðin markmið um fækkun eldsneytisstöðva innan þéttbýlis borgarinnar. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru sett fram skýr stefnuákvæði sem eiga að sporna við fjölgun eldsneytisstöðva og markmið sem miða að því að draga úr landrýmisþörf eldsneytisstöðvanna. Í Loftlagsstefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var árið 2016, eru sett fram ákveðnari markmið um fækkun eldsneytisstöðva, til að undirstika enn frekar mikilvægi vistvænni ferðamáta og komandi orkuskipti í bílasamgöngum. Í Loftlagsstefnunni er einnig lagt til að þróaðir verði hvatar til að fækka stöðvum.

Á fundi borgarráðs þann 9. maí 2019 var lögð fram og samþykkt tillaga borgastjóra um samningsmarkmið, sem leggja skal til grundvallar í viðræðum Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík. Á fundinum var lagt fram og samþykkt drög að erindisbréfi samninganefndar Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við rekstraraðila og lóðarhafa bensínstöðvalóða í Reykjavík.

### ***2. gr.***

#### ***Núverandi staða lóðarmála Atlantsolíu***

Atlantsólía ehf. rekur í dag innan borgarmarka Reykjavíkur neðangreindar tíu eldsneytisstöðvar undir merkjum Atlantsolíu:

- Bíldshöfði 20, sjálfsafgreiðslustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Bústaðavegur 151, sjálfsafgreiðslustöð með 3 eldsneytisdælum fyrir 6 bifreiðar samtímis.
- Flugvallarvegur 3-3A, sjálfsafgreiðslustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Háaleitisbraut 12, sjálfsafgreiðslustöð með 3 eldsneytisdælum fyrir 6 bifreiðar samtímis.
- Kirkjustétt 2-6, sjálfsafgreiðslustöð með 1 eldsneytisdælu fyrir 2 bifreiðar samtímis.
- Knarrarvogur 2, sjálfsafgreiðslustöð með 1 eldsneytisdælu fyrir 2 bifreiðar samtímis.
- Skeifan 5, sjálfsafgreiðslustöð með 2 eldsneytisdælum fyrir 4 bifreiðar samtímis.
- Starengi 2, sjálfsafgreiðslustöð með 1 eldsneytisdælu fyrir 2 bifreiðar samtímis.
- Skúlagata 15, sjálfsafgreiðslustöð með 2 eldsneytisdælum fyrir 4 bifreiðar samtímis.
- Vallargrund 3, sjálfsafgreiðslustöð með 1 eldsneytisdælu fyrir 2 bifreiðar samtímis.

### 3. gr.

#### *Breytingar á lóðarmálum Atlantsolíu og uppbyggingarheimildir.*

**Bíldshöfði 20.** Sjálfsafgreiðslustöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarleigusamningur, sem gildir til 1. janúar 2024, helst óbreyttur.

**Bústaðavegur 151.** Sjálfsafgreiðslustöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarleigusamningur, sem er ótímabundinn og framlengist um eitt ár í senn þann 1. nóvember ár hvert, helst óbreyttur.

**Flugvallavegur 3-3A.** Lóðarhafi mun fjarlægja eina eldsneytisdælu í síðasta lagi þann 1. mars 2022 þannig að eftir standa þrjár eldsneytisdælu fyrir sex bifreiðar samtímis. Að öðru leyti verður eldsneytisstöðin óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarleigusamningur, sem gildir til 1. janúar 2060, helst óbreyttur.

**Háaleitisbraut 12.** Lóðarhafi mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar ekki síðar en 1. janúar 2026 en þó eigi síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á breyttu deiliskipulagi lóðarinnar. Heimilt verður að byggja íbúðarhúsnæði með verslun og þjónustu á 1. hæð. Nýr lóðarleigusamningur til 75 ára verður gefinn út þegar lóðarhafi hefur hætt rekstri eldsneytisstöðvar og fjarlægt dælu af lóðinni. Núverandi lóðarleigusamningur, sem gildir til 30. apríl 2021, fellur brott við gildistöku nýs lóðarleigusamnings. Sjá nánar sérstakt samkomulag um lóðina.

**Kirkjustétt 2-6.** Eldsneytisstöð (búnaður og skyggni) verður fjarlægð af lóðarhafa ekki seinna en 6 mánuðum eftir að lóðarhafi hefur fengið útgefið byggingarleyfi fyrir eldsneytisstöð (sjálfsafgreiðsla) að nýrri leigulóð að Þjóðhildarstíg 2. Lóðarhafi mun hreinsa öll markvirki af lóð eldsneytisstöðvar við Kirkjustétt og alla mengun. Ný leigulóð að Þjóðhildarstíg verður fyrir eina (1) eldsneytisdælu fyrir tvær (2) bifreiðar samtímis án skyggnis. Lóðir verði verðmetnar af óháðum löggiltum fasteignasölum og reynist lóð að Þjóðhildarstíg verðmeiri greiðir lóðarhafi fyrir verðmætaaukningu. Lóðarhafi skuldbindur sig til að hefja framkvæmdir við tilfærslu frá Kirkjustétt að Þjóðhildarstíg þegar gögn vegna eigendaskipta lóðanna liggja fyrir og jafnframt þegar breytt skipulag fyrir Háaleitisbraut hefur verið staðfest, nema þannig semjast um að framkvæmdir hefjist á fyrra tímamarki. Þegar búið er að fjarlægja búnað og rekstri hætt á Kirkjustétt er heimilt að taka í notkun eldsneytisdælu á Þjóðhildarstíg. Ekki er heimilt að hafa báðar stöðvar opnar samtímis.

**Knarrarvogur 2.** Eldsneytisstöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarhafi er með leigusamning um sjálfsafgreiðslustöð við núverandi eiganda fasteigna á lóðinni.

**Skeifan 5.** Eldsneytisstöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarhafi er með leigusamning um sjálfsafgreiðslustöð við núverandi eiganda fasteigna á lóðinni. Lóðarleigusamningur, sem gildir til 1. janúar 2056, helst óbreyttur.

**Starengi 2.** Eldsneytisstöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarleigusamningur, sem gildir til 1. janúar 2046, helst óbreyttur.

**Skúlagata 15.** Eldsneytisstöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarhafi er með leigusamning um sjálfsafgreiðslustöð við eiganda lóðar til 1. júlí 2026.

**Vallargrund 3.** Eldsneytisstöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Engin lóðarleigusamningur er í gildi fyrir lóðina.

Með undirritun samkomulags þessa lýsir lóðarhafi því yfir að hann stefni að því að fjölga framboði á vistvænum orkugjöfum á þeim stöðum þar sem áfram verður rekstur eldsneytisstöðva í takt við komandi breytingar á orkuskiptum í samgöngum.

Samkomulag þetta er með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Reykjavík, [dags.]

---

F.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

F.h. Atlantsolíu ehf.

Vitundarvottar að rétttri dags.,  
undirskrift og fjárræði aðila:

---

Nafn og kennitala

---

Nafn og kennitala